

Góðan dag,

Stjórn Iceland Express hefur sent frá sér yfirlýsingu um ástæður þess að ég sagði óvænt upp störfum hjá félaginu í gær. Í henni tilgreina þeir að þeir hafi ekki viljað samþykka að ég gerði skipulagsbreytingar á fyrirtækinu sem fælu m.a. í sér að ég réði „vini mína og ættingja“ til starfa hjá félaginu. Þeir „leka“ svo til fréttastofu RÚV í morgun að um hefði verið að ræða tillögu mína um að ráða inn sambýliskonu mína í starf hjá fyrirtækinu, eitthvað sem þeir hafi ekki getað samþykkt.

Ég hef tekið skýrt fram að ég muni ekki tjá mig frekar um þetta mál í fjölmiðlum enda er það ekki til framdráttar fyrir neinn aðila, allra síst Iceland Express, sem mér er mjög umhugað um að skaðist ekki af þessar deilu.

Samt er það þannig að þegar á mann er ráðist með svona ómaklegum, ódýrum og ósönnum hætti þá verður maður að snúast til varnar og verja heiður sinn og sinna.

Ég áframsendi því hér með póstsamskipti á milli mín og Pálma Haraldssonar frá síðust helgi þar sem hann lýsir sig samþykkan ráðningunni, bætti svo reyndar við þeim orðum á stjórnarfundum í London að „það finnist ekki frambærilegri kona á landinu til að gegna þessar stöðu“. Engin ákvörðun hafði þó verið tekin af hennar hálfu um að koma til starfa.

Ég ítreka enn og aftur að ég vil ekki aðhafast neitt sem mun skaða félagið en hins vegar er rétt að minna alla á að ég er ekki fæddur í gær og hef langa reynslu af samskiptum við Pálma Haraldsson og er ekki hræddur við hann og hans fólk. Því eru öll atriðin sem við deilum um til með skriflegu samþykki hans og ég mun ekki hika við að verja hendur mínar og birta þau ef það reynist nauðsynlegt. Þó það sé einlæg ósk mín að þess gerist ekki þörf.

Birgir Jónsson

ATH: Ég hef þurrkað út samskipti okkar PH um aðrar mögulegar mannabreytingar í þessum póstum til að virða trúnað við hlutaðeigandi aðila.

From: Palmi Haraldsson]
Sent: Saturday, September 24, 2011 8:10 PM
To: Birgir Jónsson
Subject: RE:

Biggi þú færð sama svar

Ég treysti XXXXXX fullkomlega. Það þurfa einfaldlega að koma nýjir vendir sem sópa best.

Ég mun ekki vera mótfallinn því að taka XXXXX inn
Kv
palmi

-----Original Message-----

From: Birgir Jónsson [mailto:BirgirJ@icelandexpress.is]

Sent: 24. september 2011 21:07

To: Palmi Haraldsson

Subject: RE:

Svo ég segi þér líka eins og er, þá vil ég fá XXXXXX þarna inn yfir crewið, þjónustu um borð og raunar til að sameina customer service í öllu félaginu í samvinnu við viðkomandi stjórnendur.

Tengja það saman við skilaboðin úr markaðsvinnu ofl. Þannig að farþegarnir séu að upplifa heildar "experience" þegar þeir komast í snertingu við okkur.

Það sem böggar mig er það að hún er auðvitað konan mín og ég vil ekki fá neinn klíkustimpil.

Hins vegar má heldur ekki sleppa besta fólkinu bara út af svona tengslum.

Ef fólk sæi hennar prófíl á blaði án nafns þá er no brainer að fá hana þarna inn:

Hún er með:

MBA með áherslu á mannauð og customer service
BA í ferðamálafræði
20 ára reynslu úr flugheiminum
Fyrirverandi yfirlýsing IEX sem þekkir IEX mjög vel.

Eini mínusinn er að hún er konan mín.

Á ég að láta það stoppa það?

Það er eiginlega eitthvað sem þú þarft að ákveða, þetta stendur of nálægt mér.

Biggi

From: Palmi Haraldsson]
Sent: Saturday, September 24, 2011 7:22 PM
To: Birgir Jónsson
Subject:

Sæll

Gagnvart þessu XXXXXX-máli þa er það þannig að ef þú treystir honum í þetta þá er það hið besta mál

kvpalmi